

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Akureyri, 17. desember 2020
UST202003-205/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar á geymi nr. 7 (200-0012 070101) í olúbirgðastöð Skeljungs hf., Örfirisey

Umhverfisstofnun bárust þann 27. nóvember sl., þykktarmælingar á geymi í olúbirgðastöð Skeljungs hf., Örfirisey. Geymirinn er nr. 030-B207, / nr. 7 (200-0012 070101) í birgðastöðinni í Örfirisey. Geymirinn er 7.900 m³, standandi stálgeymir, frá árinu 1980 og er staðsettur í mengunarvarnaþró félagsins í Örfirisey.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 10. nóvember 2020. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru 3mm, 6mm 9mm 12mm og 18mm og MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial No.MK4 0016-A-TFS

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að gólf geymis ásamt hluta af neðsta umfari sé málað að innan. Fram kemur að geymirinn sé einangraður að utan og því hafi verið teknar þessar mælingar á neðsta byrgði geymis. Í geyminum er hitaspíral að innanverðu og því var ekki hægt að skanna hann á hefðbundin máta. Þess í stað voru teknar stikkprufur og gáfu þær allar tilkynna að botn geymis sé án tæringar.

Meðfylgjandi eru skýrslur NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einaradóttir
teymisstjóri